

REGLUGERÐ

um greiðslu fæðiskostnaðar samkvæmt 9. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi.

1. gr.

Þar sem samtímis eru í heimavistarskóla á skyldunámsstigi fleiri en tvö systkin frá sama heimili í skólahverfinu eða fleiri en tvö börn sem eiga sömu framfærsluforeldra greiðir ríkissjóður að fullu fæðiskostnað fyrir þau sem eru umfram tvö þau yngstu. Um skólaskyldu vísast til ákvæðis til bráðabirgða í 88. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

2. gr.

Fræðslustjóri greiðir skólum þeim, sem hlut eiga að máli, kostnað skv. 1. gr. með þeim hætti sem hér segir að fullnægðum skilyrðum þeim er reglugerð þessi kveður á um:

- a) Fyrir 1. desember ár hvert fyrir tímabilið frá upphafi skólavistar til áramóta. Til bráðabirgða skal sú greiðsla miðast við fæðisverð í hlutaðeigandi heimavist næstliðið skólaár.
- b) Fyrir 1. mars, sem svarar til tímabilsins frá 1. janúar til 31. mars, með sama hætti.
- c) Eftir starfslok skóla, endanlegar greiðslur skv. framlögðum reikningum frá hlutaðeigandi heimavistum.

3. gr.

Greiðsla kostnaðar skv. 2. gr. er háð þeim skilyrðum að fræðslustjóra hafi áður borist í hendur:

1. Vottorð frá oddvita (sveitarstjóra) sveitarfélags þess, sem í hlut á, er sanni að fjöldi og aldur systkina sé sá að falli undir ákvæði 1. gr.
2. Vottorð frá sama aðila er staðfesti þegar svo hagar til að nemandi hafi verið á íbúaskrá hjá framfærsluforeldrum skv. þjóðskrá 1. des. árið áður en yfirstandandi skólaár hófst.
3. Vottorð hlutaðeigandi skólustjóra er staðfesti heimavistardvöl þeirra nemenda er til álita koma um greiðslur. Þar skal og getið um fjölda heimavistardaga á viku.

Foreldrar (framfærsluforeldrar) skulu sjá um að framanrituð vottorð berist fræðslustjóra eigi síðar en 1. nóvember.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með skírskotun til 9. gr. laga nr. 55/1974 um skólakerfi öðlast þegar gildi og skal einnig taka til skólaársins 1974/75.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til fræðslustjórar hafa verið settir samkvæmt lögum nr. 63/1974 um grunnskóla fer menntamálaráðuneytið með þau störf sem þeim eru ætluð samkvæmt reglugerð þessari. Fæðiskostnað skv. 1. gr. greiðir ráðuneytið í einu lagi fyrir skólaárið 1974/75 eftir lok skóla enda liggja fyrir fullnægjandi vottorð skv. 3. gr. hér að framan, ásamt reikningi frá viðkomandi skóla er sýni heildarfæðiskostnað nemenda sem í hlut eiga á skólaárinu.

Í menntamálaráðuneytinu, 11. maí 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.